

4. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi
Þriðjudaginn 16. janúar 2024 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Fórum yfir það sem búið var að gerast síðan síðast.

- ✓ Samþykkt var að fara í framkvæmdir á þakinu, búið að fá verktaka en ekki komin dagsetning hvenær þær hefjast en vonandi sem fyrst.
- ✓ Ný varmadæla er komin í húsið og er mikill munur á hitanum
- ✓ Leifur búin að klára að ganga frá í eldhúsinu og fær hann hrós fyrir frábær vinnubrögð

2. Heita vatnið

Kvartanir hafa borist að heita vatnið sé svo fljótt að klárast. Ævar var búinn að skoða málið og þá er einn kúturinn ekki tengdur og var ákveðið að fá Hjölla í málið. Einnig til að athuga hvort að það sé ekki hægt að fá sturturnar í lag í búningsklefunum.

3. Heimsókn

Guðrún sagði að hún ætti von á bæjarstórninni í vettvangsskoðun í byrjun febrúar og fögnum við því.

4. Annað

Nefndin er alveg á því að það megi fara skoða að endurnýja húsbúnað í húsinu en auðvita er fyrst á dagskrá að koma í veg fyrir leka og fá nýja glugga fyrir þá sem eru orðnir ónýtir

Fleira ekki gert fundi slitið 14:10

Sigrún Ólafsdóttir